



Svar við framhaldsfyrirspurn

Til: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Svar við framhaldsfyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjárfestingarverkefni þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21030087

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 13. janúar 2022, var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 11 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

„Fyrirspurnir í framhaldi af svari sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um hvernig stendur á því að 10 milljarðarnir eru eignfærsluverkefni sem ekki kemur fram í rekstri fyrr en byrjað er að afskrifa? 1. Eftir hvaða reglum á að færa óefnislegar eignir í eignasjóð þegar ný aðferðafræði, sem hefur í för með sér sparnað miðað við eldri aðferðafræði, leysir aðra eldri af hólmi? 2. Eftir hvaða reglum á að færa óefnislegar eignir í eignasjóð þegar verið er að taka upp nýja þjónustu / ný verkefni? 3. Hvaða reglur eiga að gilda í þessum efnum varðandi kostnað við rannsóknir og þróunarvinnu? 4. Hvað má afskriftartími óefnislegra eigna vera að hámarki? 5. Getur afskriftatíminn verið mismunandi milli einstakra flokka óefnislegra eigna? 6. Þarf mismunandi reglur varðandi óefnislegar eignir sem hafa verið þróaðar innan viðkomandi rekstrareiningar og þeirra sem fengnar eru frá utanaðkomandi aðilum? 7. Hvaða reglur eiga að gilda í þessu sambandi um eignir sem geta verið byggðar upp af bæði varanlegum eignum og óefnislegum eignum? tilv. R21030087. FAS21120132“

Á fundi ráðsins þann 27. janúar 2022 var málinu vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Svar:

Um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga gilda lög um bókhald, nr. 145/1994, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996, að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, og reglugerðum, sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

Eftirfarandi eru svör við tölusettum spurningum fyrirspyrjanda:

1. Reykjavíkurborg fylgir almennum reglum bókhalds varðandi eignfærslur. Eign skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt er að félagið hafi af henni fjárhagslegan ávinning í framtíðinni óháð því hvort um nýja aðferðafræði eða nýja þjónustu sé að ræða. Skilyrði fyrir eignfærslu er að nýtingartími sé lengri ein eitt ár. Markmið með eignfærslu er að dreifa upphafskostnaði á nýtingartíma eignar.
2. Sjá svar við spurningu nr. 1.
3. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er heimilt að eignfæra rannsóknar- og þróunarvinnu, samanber almennar bókhaldsreglur. Samkvæmt IAS 38, um óefnislegar eignir, er þróunarkostnaður einungis eignfærður þegar líklegt er að hagrænn ávinningur verkefnisins muni nýtast sveitarfélaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Í verklagsreglu fjármála- og áhættustýringarsviðs, FÁST-VLR-154, er fjallað nánar um skilyrði og forsendur fyrir eignfærslum rannsóknar- og þróunarvinnu.

4. Óefnislegar eignir skulu afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna. Yfirleitt er endingartími óefnislegra eigna ekki áætlaður lengri en 5 ár. Í undantekningartilvikum er heimilt að miða við að endingartími sé 10 ár. Ef áætlaður endingartími er lengri en 5 ár þá skal gera grein fyrir ástæðum þess í skýringum með ársreikningi.
5. Já, meta skal endingartíma hvers flokks og því getur afskriftartími verið mismunandi.
6. Við eignfærslu óefnislegra eigna skal alltaf líta til fjárhagslegs ávinnings eignarinnar til framtíðar óháð hvort eignin sé keypt eða þróuð innan viðkomandi rekstrareiningar. Einungis beinn stofnkostnaður óefnislegra eigna, sem eru þróaður er innan viðkomandi rekstrareiningar, skal eignfærður.
7. Við eignfærslu skal flokka eignir annars vegar sem varanlegar eignir og hins vegar óefnislegar eignir. Því þarf alltaf að aðskilja þessar eignir við eignfærslu. Ef skil milli óefnislegra eigna og efnislegra eigna er óljós þarf að meta hvor flokkurinn vegur þyngra og flokka hann þar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Hjálagt; Verklagsregla FÁST-VLR-154.